

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI

The National Spiritual Assembly of the Bahá'ís of Iceland

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/360

komudagur 28.11.2003

Öldugötu 2

Pósthólfí 536 • 121 Reykjavík

Sími: 567 0344 • Fax: 567 1101

Netfang: nsa@bahai.is

Heimasíða: www.bahai.is

Reykjavík 25. nóvember, 2003

Allsherjarnefnd Alþingis

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar fyrir að hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar (þskj. 3 – 3. mál, 130. löggjafarþings). Hér er að finna umsögn þjóðarráðsins um framsal á valdi til alþjóðastofnana og samband ríkis og kirkju.

FRAMSAL Á VALDI TIL ALÞJÓÐASTOFNANA

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi telur eðlilegt að sú nefnd sem lagt er til að geri tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins vinni tillögur um heimild til framsals á valdi til alþjóðastofnana. Að mati þjóðarráðsins er full ástæða til þess að slíkt ákvæði verði felld inn í stjórnarskrá. Mörg mikilvægustu úrlausnarefni samtímans eru þess eðlis að á þeim verður einungis tekið með samstilltu átaki allra þjóða heims. Alþjóðastofnanir ná hins vegar ekki árangri án þess að hafa til þess óskorað umboð. Slíkt kallar á framsal á hluta þess valds sem í dag er bundið við þjóðríki. Með því að fela alþjóðlegum stofnunum slíkt vald er unnt að bæta hag íbúa jarðar og stuðlað að framförum sem ekki eru mögulegar með öðrum hætti. Það er hins vegar eðlilegt að slíkt heimildarákvæði feli í sér leiðsögn til Alþingis um það hvernig því skuli beitt og í hvaða tilgangi.

SAMBAND RÍKIS OG KIRKJU

Þjóðarráðið fagnar því að lagarammi trúariðkunar landsmanna sé tekinn til umfjöllunar á Alþingi enda er mikilvægt að standa vörð um ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins um trúfrelsi og tryggja að löggjöf stuðli að því markmiði.

Postal Address:
P.O. Box 536
IS - 121 Reykjavík
ICELAND

Office Location:
Öldugötu 2
101 Reykjavík

Telephone:
(354) 567-0344

Fax:
(354) 567-1101

E-mail:
nsa@bahai.is

Website:
www.bahai.is

Þjóðarráðið telur ekki rétt að taka afstöðu til þess hvort nú sé rétti tíminn til þess að stíga til fulls það skref að skilja að ríki og kirkju. Það þarf að skoða í víðara samhengi og kanna hversu vel núverandi lagarammi um trúariðkun landsmanna fellur að fjölmenningarlegu samfélagi samtímans. Íslensk löggjöf þarf að taka fullt tillit til þess að Íslendingar eru ekki allir meðlimir í þjóðkirkjunni og að margir þeirra leita til eigin trúfélags um mikilvæga þjónustu á lykilstundum í lífinu svo sem við nafngift, hjúskap og greftanir.

Ýmis lög eru við það miðuð að allir þegnar þessa lands tilheyri Þjóðkirkjunni. Einnig hefur gætt tilhneigingar til þess að ganga út frá því að trúfélögum utan þjóðkirkjunnar svipi til hennar hvað innra skipulag varðar. Þannig er þess krafist í lögum um skráð trúfélög sem samþykkt voru á Alþingi 21. desember 1999 að trúfélög sem æskja skráningar útnefni forstöðumann. Slíkt samræmist ekki innra skipulagi bahá'í samfélagsins eins og þjóðarráðið benti allsherjarnefnd á þegar frumvarpið var til umfjöllunar. Hvað þetta mál varðar sérstaklega skal þó tekið fram að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur sýnt sérstöðu bahá'í samfélagsins mikinn skilning og fundið tímabundna lausn sem tekur á þessum vanda við framkvæmd laganna.

Að lokum vill þjóðarráðið undirstrika mikilvægi þeirrar samfélags þjónustu sem þjóðkirkjan og önnur trúfélög veita. Trúfélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna við þróun íslensks samfélags og því skiptir miklu að vel sé vandað til endurskoðunar á lagalegri umgjörð um starfsemi þeirra svo tryggja megi almannahag til framtíðar. Brýnt er að ákvæðum aðalnámskrár um almenna trúfræðslu sé framfylgt. Einnig er mikilvægt að Háskóli Íslands efli rannsókn- og fræðslustarf um trúarbrögð og að það starf fái sjálfstæði frá þeirri þjónustu sem Háskólinn veitir þjóðkirkjunni við menntun presta kirkjunnar.

Með vinsemd og virðingu



Ingibjörg Daníelsdóttir

Ritari Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/395
komudagur 2.12.2003

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 28. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar, 3. mál, breytingar á stjórnaskrá. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin getur ekki fallist á tillöguna eins og hún liggur fyrir þó hún gæti fallist á einstaka liði hennar.

f.h. stjórnar Eyþings


Þetur Þór Jónasson
framkv.stjóri

Þingflokkur Frjálslynda flokksins

Vonarstræti 12, Alþingi.

Umsögn

Þskj. 3 – 3. mál

Tillaga til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar

Þingflokkur Frjálslynda flokksins getur tekið undir ofangreinda þingsályktunartillögu með fyrirvara um liði c. og e. Ástæðan er sú, að þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur lagt fram þingmál varðandi þau mál sem þessir liðir fjalla um, þ.e. annars vegar um að landið verði eitt kjördæmi og hins vegar varðandi aðskilnað ríkis og kirkju. Við vekjum athygli á greinargerðum sem fylgja þessum þingmálum þingflokks Frjálslynda flokksins og teljum að þau gangi lengra en þessi þingsályktun gerir. Rétt er að nefna í þessu sambandi að frumvarp þingflokks Frjálslynda flokksins um aðskilnað ríkis og kirkju gerir ráð fyrir að þjóðin greiði um málið atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Varðandi einstaka liði þeirrar þingsályktunar sem hér er veitt umsögn um, þá telur þingflokkur Frjálslynda flokksins til bóta að festa eignarréttarákvæði varðandi auðlindir þjóðarinnar í stjórnarskrá sbr. a-lið.

Varðandi b-lið teljum við æskilegt að nefnd skipuð fulltrúum allra flokka vinni að skoðun og tillögugerð vegna breytinga á stjórnarskrá þannig að hægt sé að framselja ríkisvald með takmörkunum til alþjóðastofnana ef þurfa þykir.

Þingflokkurinn gerir þó athugasemd við orðalagið í b-lið þar sem segir: *...þannig að hægt sé að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og samtaka sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum milli þjóða* – og telur nauðsynlegt að skilgreina nánar hvaða samtök gæti verið vísað til í þessu samhengi.

Varðandi d-lið, þá styður þingflokkur Frjálslynda flokksins að leitt verði í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um mál og einnig að leitað verði leiða til að nýta nýja tækni til að auka lýðræðisleg áhrif almennings.

F-liður snýr að því sama og þingflokkur Frjálslyndra er hlynntur því.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins telur mikilvægt að við endurskoðun stjórnarskrárinnar verði einnig hugað að breytingu á 46. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kemur fram að Alþingi skeri sjálft úr, hvort þingmenn séu löglega kosnir. Með þessari stjórnarskrárgrein eru nýkjörnir þingmenn að dæma um lögmæti eigin kosningar. Hvað varðar embætti forseta Íslands er mikilvægt að skoða 26. gr. stjórnarskrárinnar og heimild forseta til að synja lagafrumvarpi staðfestingar, en umræða um það ákvæði kemur upp í þjóðfélaginu á nokkurra ára fresti. Einnig er mikilvægt að huga að breytingu á 1. mgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um stjórnarskrárbreytingar en telja verður eðlilegt að allar breytingar á stjórnarskránni verði að bera undir þjóðaratkvæði og að þjóðin sjálf yrði þar með stjórnarskrárgjafmn.

Við endurskoðun á stjórnarskránni er mikilvægt að stuðla að málefnalegri umræðu í samfélaginu um stjórnskipun og æðstu stjórn lýðveldins og þær grundvallarhugmyndir sem hún á að byggja á. Þingflokkur Frjálslynda flokksins telur það grundvallaratriði við endurskoðun stjórnarskrárinnar að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um breytingar sem lagðar verði til við endurskoðun hennar. Þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrána og sú umræða sem henni myndi óhjákvæmilega fylgja myndi auka mjög á vitund þjóðarinnar um þau grundvallarlög og þann ramma sem stjórnarskrá lýðveldisins Íslands er fyrir íslenskt samfélag.

Virðingarfyllst,
f.h. þingflokks Frjálslynda flokksins,

Margrét K. Sverrisdóttir
Margrét K. Sverrisdóttir,
framkvæmdastjóri.

Ung frjálslynd

Umsögn

Þskj. 3-3. mál

Tillaga til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar.

Ung frjálslynd vilja byrja á að taka fram að þau fagna allri umræðu varðandi málefni ofangreindrar tillögu. Við bendum hinsvegar á að Frjálslyndi flokkurinn hefur þegar lagt fram frumvörp á þingi um c) og e)-liði tillögunar.

Ung frjálslynd geta tekið undir a)-lið tillögunar um að bundið verði í stjórnarskrá ákvæði um eignarrétt þjóðarinnar á hennar eigin verðmætum.

Varðandi b)-lið þá telja Ung frjálslynd það gríðarlega varasamt að setja í stjórnarskrá ákvæði sem heimilar að fullveldi þjóðarinnar sé framselt hingað og þangað um heiminn. Ekkert er hinsvegar sjálfsagðara en að ríkisvaldið geri alla þá alþjóðasamninga sem það telur varða þjóðarhagsmunum og fylgi þeim skyldum sem því ber. Framsal fullveldisins til alþjóðlegra samtaka eða stofnanna teljum við þó bæði óhagkvæmt og ónauðsynlegt. Það hlýtur auk þess að vera vilji þjóðarinnar að eiga endanlegt vald yfir eigin hagsmunum. Ung frjálslynd vilja taka það fram að þau styðja allar umleitanir ríkisvaldsins til að eiga í alþjóðasamstarfi en ítrekar að lokasvar í öllum málum eigi að liggja hjá íslensku þjóðinni.

Frjálslyndi flokkurinn hefur þegar lagt fram frumvarp um að landið verði gert að einu kjördæmi og styður ungliðahreyfingin heilshugar að svo megi verða.

Ung frjálslynd samþykkja að sjálfsögðu þá hugmynd að þjóðin eigi rétt á að kjósa um einstök mál í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hinsvegar bendum við á 26. grein stjórnarskrárinnar þar sem slíkt ákvæði er þegar til staðar og því óþarfi að endurtaka það.

Allri umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju er fagnað að hálfu Ungra frjálslyndra. Við viljum þó benda á að enn er langt í að afleiðingar aðskilnaðar séu að fullu þekktar og viljum við því ítreka að meiri og nákvæmari umræðu sé þörf áður en ákvörðun er tekin.

Að sjálfsögðu fögnum við að allra leiða sé leitað til að auka réttindi og áhrif einstaklinga en teljum að slíkt eigi alltaf að vera í deigluinni, ekki aðeins í tilefni 100 ára afmælis heimastjórnar.

Virðingafyllst,
f.h. Ungra frjálslyndra,

Hallur Hróarsson og Kristbjörn H. Björnsson

Alþingi
Erindi nr. P 130/258
komudagur 24.11.2003



Reykjavík, 20. nóvember 2003

HÁSKÓLI ÍSLANDS

GUÐFRÆÐIDEILD

Allsherjarnefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Meðfylgjandi er umsögn guðfræðideildar Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um aldarafmæli heimastjórnar 3. mál sbr. bréf Allsherjarnefndar til guðfræðideildar dags. 29. október 2003.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Ásdís Guðmundsdóttir'.

Ásdís Guðmundsdóttir,
skrifstofustjóri guðfræðideildar



Umsagnaraðili: Guðfræðideild Háskóla Íslands.

Mál: 130. löggjafarþing 2003-2004

Þskj. 3 – 3. mál. Tillaga til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar.

Guðfræðideild þakkar það tækifæri sem henni er gefið til að veita umsögn um mál þetta. Hún kýs þó aðeins að nýta sér þann rétt varðandi e.-lið ályktunartillögunnar, þ.e. að kannað sé hvort tímabært er í ljósi þjóðfélagsbreytinga að huga að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju.

Guðfræðideild bendir á að á undanförunum árum hefur gagnger breyting átt sér stað á réttarstöðu íslensku þjóðkirkjunnar og þar með tengslum hennar við ríkið. Er þar einkum um að ræða stjórnarskrárbreytingar þær sem gerðar voru 1995 þegar mannréttindakafli stjórnarskrárinnar, sem og ákvæði hennar um trúfrelsi voru endurskoðuð. Miklu skiptir og setning *Laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar* 1997 nr. 78 26. maí. Með þeim lögum var staðfest sú þróun sem þegar var hafin í átt til sjálfstæðari kirkju sem starfar í tengslum við ríkisvaldið. Þjóðkirkjan starfar nú í anda rammalöggjafarinnar og setur sér sjálf starfsreglur á grundvelli þeirra laga, bæði um ytri og innri mál sín. Því má segja að íslenska kirkjan hafi nálega sama stjórnarfyrrkomulag og sænska kirkjan að því undanskildu að í Svíþjóð voru stjórnaskrárbundin tengsl ríkis og kirkju felld úr gildi í ársbyrjun 2000.

Tengsl ríkis og kirkju hér á landi eru því mun sveigjanlegri nú en áður. Jafnframt leggur kirkjuskipan ríkisins, eins og hún er sett fram í 62. gr. stjórnarskrárinnar, trúfrelsisákvæðin í 63. og 64. gr. og jafnræðisreglan í 65. gr., traustan réttarfarslegan grunn að fullu trúfrelsi í landinu. Af þessum ástæðum má segja að minni ástæða sé til þess að huga nú að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju en árið 1995 þegar þessi mál voru til umfjöllunar á Alþingi.

Það sem hins vegar hefur breyst og huga þarf að er að nú gætir aukinnar fjölbreytni í trúariðkun landsmanna bæði með tilkomu nýrra trúfélaga og með auknum fjölda fólks af öðrum trúarbrögðum sem sest hefur hér að. Að þessu leyti hefur Ísland lent í svipaðri stöðu og aðrir Norðurlandabúar. Ásamt þeim stendur Íslendingar nú frammi fyrir því verkefni að:

- (1) marka stöðu meirihlutakirkna í löndunum.
- (2) gæta þess að framfylgja því banni við mismunun (m.a. m.t.t. trúarbragða) sem felst í jafnræðisreglum stjórnarskráa Norðurlandanna.
- (3) stuðla að jafnrétti trúfélaga og lífsskoðunarfélaga.
- (4) skilgreina stöðu trúariðkunar á hinu opinbera sviði með velferð samfélags og einstaklinga í huga.

Guðfræðideild telur tímabært að huga að fyrirkomulagi og framkvæmd þessara mála allra. Óþarfi virðist að fyrirfram sé stefnt að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár.

Það er ekki víst að það leysi ofangreindan vanda að tengsl ríkis og kirkju séu rofin eða að ríkið hætti afskiptum af trúmálum og trúariðkun. Hins vegar er mikilvægt að hugað sé að því hvernig mögulegt sé að koma til móts við minnihlutahópa á sviði trúar og lífsskoðana og efla þá í iðkun sinni og stuðla þannig að jafnræði. Þess skal getið að í mannréttindaumræðu á vettvangi Evrópuráðsins hefur enn sem komið er ekki komið fram að þjóðkirkjufyrirkomulag sem slíkt standi í vegi fyrir trúfrelsi og almennum mannréttindum.

Að lokum minnir guðfræðideild á mikilvægi þess að tekið sé mið af afstöðu þjóðkirkjunnar, trúarlegra minnihlutahópa og lífsskoðunarfélaga.

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/200
komudagur 25.11.2003


**Lögmannafélag
Íslands**

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.


Det Islandske Advokatsamfund
The Icelandic Bar Association

Reykjavík, 20. nóvember 2003.

Umsögn laganefndar LMFÍ um tillögu til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar. 130. löggjafarþing 2003–2004. Þskj. 3—3. mál.

Lögmannafélag Íslands vísar til bréfs yðar, dags. 29. október 2003, þar sem óskað er umsagnar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Laganefnd félagsins hefur haft tillöguna til skoðunar og sér ekki ástæðu til að gera athugasemdir við efni hennar.

Virðingarfyllst,
f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands


Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 130/327
komudagur 27.11.2003


Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. nóvember 2003
2003100019/016-1
JGO/hj


Þingsályktun um breytingar á stjórnarskrá (þskj. 3 - 3. mál)

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 29. október sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um aldarafmæli heimastjórnar, 3. mál.

Náttúrufræðistofnun gerir enga athugasemd við þessa tillögu.

Viðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri





Allsherjarnefnd
Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. nóvember 2003
Tilvísun: 2003110001
Bréfalykill: 50.13


Efni: Tillaga til þingsályktunar um aldarafmæli heimastjórnar, 3. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 29. október 2003, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um aldarafmæli heimastjórnar, 3. mál. Þar er gerð tillaga um að Alþingi álykti, í tilefni af 100 ára afmæli heimastjórnar, að kjósa nefnd níu manna með fulltrúum allra þingflokka til að endurskoða stjórnarskrána. Eitt verkefna nefndarinnar, verði "að gera tillögur um hvernig megi tryggja í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum, svo sem lifandi auðlindum í hafi eða öðrum sem kunna að finnast á eða í hafsbotni, auðlindum í fallvötnum, auðlindum í fjarskiptarásum í lofti, þjóðlendum, svo og öðrum náttúruauðlindum sem enginn á og álíta má sameiginlega arfleifð þjóðarinnar."

Orkustofnun telur mikilvægt að reglur um eignarhald, meðferð, aðgangsstjórnun og nýtingu auðlinda séu skýrar og afdráttarlaugar en tekur ekki efnislega afstöðu til þess með hvaða hætti það skuli gert.

Virðingarfyllst


Þorkell Helgason
orkumálastjóri


Elín Smáradóttir
lögfræðingur

Frá Prestafélagi Íslands

Umsögn við 3. mál, um breytingu á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar.

Stjórn Prestafélags Íslands leggur ekki mat á nauðsyn eða mikilvægi þess að endurskoða stjórnarskrána í heild sinni. Hins vegar vill stjórnin koma eftirfarandi á framfæri um samband ríkis og kirkju sem um er fjallað í sérstökum lið í frumvarpinu, án þess þó að gera athugasemdir við einstaka málsgreinar í greinargerðinni.

Eðlilegt er að ræða opinskátt og málefnalega hvernig um kristni eða kirkju skuli fjallað í stjórnarskránni, sem og hver skuli vera siðræn gildi íslenskrar menningar og samfélags. Í tengslum við þá umræðu skal rætt um samband ríkis og kirkju, en núverandi samband lýsir því hvernig stjórnvöld hafa viljað styðja að kristin gildi séu hornsteinn samfélagsins innan ramma trúfrelsis, og svo hins vegar hvernig stjórnvöld hafa viljað tryggja að allir landsmenn eigi kost á kirkjulegri þjónustu hvar sem þeir búa.

Verulegar breytingar hafa orðið á sambandi ríkis og kirkju síðustu ár og enn frekari breytingar verða væntanlega á næstu árum. Því er málefnaleg umræða eðlileg og æskileg, en tekið undir með flutningsmönnum að hugsanlegar breytingar á stjórnarskránni verði gerðar 'í góðri sátt og virðingu beggja.'

Prestafélag Íslands hefur nú þegar lagt nokkuð af mörkum til málefnalegrar umræðu um þetta mikilvæga mál meðal presta og safnaða og mun gera áfram. Þá er Prestafélagið til í samræður við hverja þá sem vilja ræða þetta málefni.



**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**

FIJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/361
komudagur 28.11.2003

Suðurnesjum 25. nóvember 2003.

*Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK.*

Varðar umsögn um tillögu til þingsályktunar um aldarafmæli heimastjórnar, 3. mál.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 20. nóvember s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 29. okt. 2003 þar sem óskað var til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aldarafmæli heimastjórnar, 3. mál.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórnin tekur ekki afstöðu til þingsályktunarinnar”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Rvk. 25. nóv.2003


Pingsályktunartillaga um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar, 3. mál

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga frá þingflokki Samfylkingarinnar þar sem lagt er til að kosin verði nefnd níu manna með fulltrúum allra þingflokka til að endurskoða stjórnarskrána. Verkefni nefndarinnar verði m.a.: að gera tillögur um hvernig tryggja má í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum, að gera tillögur um svipaðar breytingar og aðrar Norðurlandþjóðir hafa gert í stjórnarskrám sínum þannig að hægt sé að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og samtaka sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum milli þjóða, að gera tillögur um að landið verði allt eitt kjördæmi, að leiða í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðar atkvæðagreiðslu um mál og skoða í því efni möguleika á nýtingu nýrrar tækni til að auka lýðræðisleg áhrif almennings, að kanna hvort tímabært er í ljósi þjóðfélagsbreytinga að huga að breytingum á ákvæðum stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju og að leita annarra leiða til að auka réttindi og áhrif einstaklinga og kjósenda.

Í greinargerð segir m.a. að stjórnarskráin þurfi að þróast í takt við þróun samfélagsins. Verulegar breytingar hafi orðið á atvinnulífi, tækni og lífsgildum Íslendinga frá því að stjórnarskrá lýðveldisins var samþykkt 1944, en breytingar á stjórnarskránni hafi verið óverulegar, ef frá er talinn mannréttindakafli hennar. Efni séu því til að ráðast í endurskoðun sem færir stjórnarskrána til samræmis við breytingar á samfélaginu.

Samtök atvinnulífsins taka undir með flutningsmönnum að eðlilegt sé að setja á stofn nefnd sem fari yfir þörf á endurskoðun stjórnarskrárinnar og mæla með samþykkt tillögunnar, þó án þess að afstaða sé tekin til þeirra verkefna nefndarinnar sem tíunduð eru.

Virðingarfyllt,


Hannes G. Sigurðsson

aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 130/165
komudagur 19.11.2003

Alþingi
Sæmundargötu 2
101 Reykjavík
Sími 400 1000

Reykjavík 17. nóvember 2003

Alþingi
Allsherjarnefnd

b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara

Visað er til bréfs yðar frá 29. október sl., þar óskað er umsagnar vegna tillögu til þingsályktunar um aldarafmæli heimastjórnar, 3. mál.

Afstaða Sjálfstæðisflokksins kemur fram í umfjöllun þingmanna flokksins um mál þetta í nefndum Alþingis og á Alþingi.

Virðingarfyllt,
f.h. Sjálfstæðisflokksins

Hanna Birna Kristjánsdóttir
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/328

Til: Allsherjarnefndar Alþingis komudagur 27.11.2003 Dags: 24.11.03

Málsnúmer: 3

Efni: Umsögn um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar, 130. löggjafarþing, þskj. 3, 3 mál.

Óskað var eftir umsögn Ungra jafnaðarmanna um tillögu til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá sem flutt er af Össuri Skarphéðinssyni ofl.

Í tillögunni segir; “Alþingi ályktar, í tilefni af 100 ára afmæli heimastjórnar, að kjósa nefnd níu manna með fulltrúum allra þingflokka til að endurskoða stjórnarskrána. Verkefni nefndarinnar verði m.a.:

- a. að gera tillögur um hvernig tryggja má í stjórnarskrá sameign þjóðarinnar á náttúru auðlindum, svo sem lifandi auðlindum í hafi eða öðrum sem kunna að finnast á eða í hafsbotni, auðlindum í fallvötnum, auðlindum í fjarskiptarásum í lofti, þjóðlendum, svo og öðrum náttúruauðlindum sem enginn á og álíta má sameiginlega arfleifð þjóðarinnar,
- b. að gera tillögur um svipaðar breytingar og aðrar Norðurlandabjóðir hafa gert í stjórnar skráum sínum þannig að hægt sé að framselja ríkisvald til alþjóðastofnana og samtaka sem vinna að friði og frelsi í viðskiptum milli þjóða,
- c. að gera tillögur um að landið verði allt eitt kjördæmi,
- d. að leiða í stjórnarskrá ákvæði um að tiltekinn hluti landsmanna geti krafist þjóðar atkvæðagreiðslu um mál og skoða í því efni möguleika á nýtingu nýrrar tækni til að auka lýðræðisleg áhrif almennings,
- e. að kanna hvort tímabært er í ljósi þjóðfélagsbreytinga að huga að breytingum á ákvæð um stjórnarskrár um samband ríkis og kirkju,
- f. að leita annarra leiða til að auka réttindi og áhrif einstaklinga og kjósenda.

Nefndin ljúki störfum fyrir lok kjörtímabilsins svo að leggja megi tillögur hennar fyrir þjóðina í næstu kosningum”.

Ungir jafnaðarmenn eru hlynntir tillögunni en vilja jafnframt taka fram eftirfarandi:

- b. Ungir jafnaðarmenn styðja tillöguna að því gefnu að skýr vilji landsmanna liggi fyrir í þjóðaratkvæðagreiðslu þegar framselja á ríkisvald til alþjóðastofnana.
- c. Ungir jafnaðarmenn telja það afar brýnt réttlætismál að allir kosningabærir einstaklingar hafi sama vægi í kosningum. Hlutverk lýðræðislegra kosninga er að sýna vilja einstaklinga óháð búsetu.
- e. Ungir jafnaðarmenn telja að markmið stjórnvalda eigi að vera að tryggja frelsi einstaklinga og vernda rétt þeirra til að lifa samkvæmt þeim lífsskoðunum sem þeir sjálfir kjósa. Stjórnvöld eiga að vera hlutlaus, óháð trúarbrögðum og eiga ekki að

hygla ákveðnum lífsskoðunum umfram önnur. Þess vegna telja Ungir jafnaðarmenn mikið réttlætismál að ríki og kirkja verði að fullu aðskilin og lífsskoðanir einstaklinga verði metin að jöfnu.

Samþykkt umsögn framkvæmdastjórnar Ungra jafnaðarmanna

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/257
komudagur 24.11.2003


Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Bjarna Benediktssonar formanns

Reykjavík 21. nóvember 2003

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um breytingar á stjórnarskrá í tilefni aldarafmælis heimastjórnar, sem er 3. mál 130. löggjafarþings.

Undirrituð bendir á að þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hefur áheyrnaraðild að allsherjarnefnd og þar með tækifæri til að láta afstöðu og álit flokksins í ljós á fundum nefndarinnar og við afgreiðslu málsins.

Virðingarfyllst,



Kristín Halldórsdóttir
framkvæmdarstjóri flokks og þingflokks VG